

Fundargerð stjórnar BÍS

Fundarstjóri: Marta Magnúsdóttir skátahöfðingi	Fundur nr. 29/2017
Fundarritari: Sigríður Ágústsdóttir	
Mættir: Anna G Sverrisdóttir formaður fjármálaráðs Berglind Lilja Björnsdóttir formaður ungmennaráðs Björk Norðdahl formaður fræðsluráðs Dagmar Ýr Ólafsdóttir aðstoðarskátahöfðingi, formaður félagaráðs Harpa Ósk Valgeirdóttir formaður dagskráráðs Jakob Guðnason formaður upplýsingaráðs Marta Magnúsdóttir skátahöfðingi Hermann Sigurðsson framkvæmdastjóri BÍS Sigríður Ágústsdóttir skrifstofustjóri BÍS	Fundarstaður: Skátamiðstöðin Hraunbæ 123 Dags: 5. sept. 2017 Frá kl. 19:30 Til kl. 22:00
Fjarverandi: Jón Þór Gunnarsson formaður alþjóðaráðs	

Dagskrá:

Tími - mín:	Nr.	Fundarefni	Fylgiskjöl í möppu	Ábyrgð
1	1	Setning MM setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.		MM
1	2	Fundargerð síðasta fundar Samþykkt.	3.2	SÁ
50	3	Meginmál 1 Starfsáætlanir ráða. MM hvetur alla til að vinna þetta sameiginlega með sínum ráðum, gera ráðsmenn samábyrga og að unnið sé þvert á ráðin. MM Boðaði til hvolpasveitarfundar, sjá fundarboð frá MM. Fyrsti hvolpasveitarfundurinn verður 14. sept kl. 19:30-22:00. Til fundarins eru boðuð: stjórn BÍS og öll ráð. Rætt var um innihald fundanna. Þema er stuðningur við sveitarforingjann. Niðurstaða þeirra vinnu er viðfangsefni ráðanna í haust. Starfsfólk þarf ekki að mæta á þennan fund. Almennt með fundi ráðanna: Starfsfólk BÍS mætir ekki nema það sé beðið sérstaklega að koma á fundinn. Þeir eru samt enn inni í	2.2	Allir

		sameiginlega netfangi ráðanna til að fá allar upplýsingar í ráðunum.		
30	4	<p>Meginmál 2</p> <p>Viðbragðsáætlun Æskulýðsvettvangsins sem unnin eru af Æskulýðsvettvanginum, BÍS, KFUM/K.</p> <p>HS fór yfir núverandi skipulag og hvernig viðbragðsteymi BÍS, Skátaréttur o.fl. virkar með viðbragðsáætluninni. Hann fór einnig yfir ferlið við endurskoðun áætlunarinnar. Hann kynnti hugmynd að breyttu fyrirkomulagi fagráðs og viðbragðsteymis. Stjórn samþykkir að HS útfæri þetta nánar og kynni eftir ca. einn mánuð.</p>	2.2	HS/DÝÓ
30	5	<p>Önnur mál</p> <ol style="list-style-type: none"> Áherslur í starfi Skátamiðstöðvarinnar – tímasetja breytingar (sjá yfirlit hér neðar). Pepp í poka – fellur niður. Unnið verði með þennan viðburð og kanna með aðra útfærslu. Úlfljótsvatn – niðurstaða eftir fund ÚVR. Farið yfir stöðu mála: <ul style="list-style-type: none"> Fjármál Eftir nánari skoðun á fjárreiðum Úlfljótsvatns mun reksturinn að líkindum vera réttu megin við núllið í lok árs – með nauðsynlegri hagræðingu í rekstri. Rekstur Fulltrúar stjórnar BÍS þurfa að funda með fulltrúum BÍS í Úlfljótsvatnsráði um reksturinn. Kannað með tíma í þessari viku. <ul style="list-style-type: none"> Starfsmenn og sjálfboðaliðar Verið að kanna stöðu mannafla og möguleika fyrir næstu vikur. Arnór Bjarki Svarfdal mun aðstoða á svæðinu næstu vikur. Nóró veira Niðurstaða er komin í að vatnið er í góðu lagi og veiran hefur borist með gestum. Það hefur verið tilkynnt opinberlega en tekjutapið er verulegt vegna þessa. HS sendi póst á landlækni, sóttvarnalækni og heilbrigðisráðherra með útlistun á veikindunum, ferlinu og afleiðingum 		Allir MM AGS

		<p>í tekjutapi. Jafnframt óskaði hann eftir fundi með endurmat og að kanna með hvort hægt er að fá greiðslu frá hinu opinbera upp í kostnað og tekjutap. Viðbrögð komu samdægurs og okkur boðið á fundi um málið.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Formannsskipti <p>Grímur Valdimarsson hefur sagt sig frá formennsku í ráðinu. Nauðsynlegt að finna nýjan formann sem fyrst.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Næstu skref <p>Listi hefur borist frá Elínu Esther Magnúsdóttur um útistandandi verkefni.</p> <p>4. Félagsforingjafundur 24.8.17, endurmat og framhald. Rætt um fundinn og tilhögun. Almennt eru félagsforingjafundir með vinnusmiðjum og hópavinnu en þessi fundur var meira til að kynna endurskipulag og vinnu stjórnar síðustu vikna.</p> <p>5. Heimsókn í skátafélögin. Dagskrá fundanna var kynnt.</p> <p>6. Trúnaðarmál. Fært í trúnaðarbók.</p> <p>7. Næsti stjórnarfundur verður mánudaginn 18. sept. kl. 19:30 vegna þess að heimsóknir í skátafélög eru m.a. 19. sept. sem er fastur fundartími stjórnar.</p>		DÝÓ
--	--	--	--	-----

Áherslur í starfi Skátamiðstöðvarinnar – hættum með:

- Endurfundi skáta:** Þarf að senda bréfpóst á endurfunda-póstlistann okkar og setja frétt á skátamál.
Hafa eina endurfundi á mánudaginn 11. sept. – MM mætir og segir frá því að Skátamiðstöðin mun ekki standa fyrir fleiri endurfundum, beina því annað. Setja síðan í þriðjudagspóstinn beint daginn eftir.
- Vítamínkvöld og fræðslukvöld:** Setja frétt á skátamál þar sem þessari fræðslu er vísað til áhugasamra og bent á að nú sé þetta í höndum ráða og nefnda ef þau vilja koma einhverju á framfæri.
- Það þarf að útbúa húsreglur....** en reglan er að Skátamiðstöðin er opin öllum virkum skátum sem vilja koma góðum skátaboðskap eða fræðslu á framfæri.
- Verndum þau námskeiðið** verður áfram hjá okkur.
- Skyndihjálp:** Útbúa staðlaðan texta sem hægt er að svara við fyrirspurnum. Beinum öllu til RK, en hópar geta tekið sig saman og beðið um námskeið sbr. pkt. 3.

6. **Starfsfólk á fundum ráðanna:** Ráðin eru enn að boða starfsfólk á fundi – þurfum að senda út hvaða línur eru á aðstoð við ráðin. Ýta á að einn þriðjudagur í mánuði fari í gang sem fyrst.
7. **Sumardagurinn fyrsti:** Láta vita að nú sé tilvalið fyrir skátafélögin að styðja við hátíðahöld í sínum hverfum og bæjarfélögum. Láta skátana vita að við BÍS er hætt. Tala við útvarpið og kirkjuna og láta vita. Ef það fæst styrkur í þetta verkefni þá verður áfram. Tala við Þjóðkirkjuna. HS kannar.
8. **Gaypride, Menningarnótt ofl:** Setja einn pistil á skátamál sem hægt er þá að vísa í þegar beiðnir koma um þetta á næsta ári. Þarf að vera gert núna – ekki bara þegar beiðnirnar koma upp.
9. **Agora, Auður djúpúðga:** Láta vita að þessi málaflokkur verður að standa straum af kostnaði við viðburðastjóra/starfsmann viðburða.
10. **Kynningar- og markaðsmál, heimasíður ofl.:** Þarf verulega mikla vinnu í þetta. Þessi umræða verður tekin þvert á ráðin. **JG kemur með tillögu að ferli á næsta stjórnarfundum 19. sept.**

Úr viðburðadagatali BÍS:

8.-10. sept	"Pepp í poka"
8.-10	Nordic Forum for programme and training (NOPOLK) Finnland
11	Endurfundir??
15-17	Haustpepp leiðtogaþjálfun
18.-22	Heimsþing WAGGGS (Indland)
19., 21., 26., 28.	Heimsóknir í skátafélög, svæðisbundið
23	Forsetamerkisafhending
23.-24.	Gilwell leiðtogaþjálfun 5. skref
30	Gilwell 1. skref
4. okt	Forvarnadagurinn 4. okt
9	Endurfundir??
19	Verndum þau námskeið
26	Samráðsfundur stjórnar og ráða BÍS
20.-22.	JOTA-JOTI - tékka af dagsetningu
6-8	Rödd ungra skáta
	<i>Öræfalíf rekkaskáta - í skoðun</i>
28.-3	<i>The Academy</i>
2. nóv	Afmæli skátastarfs 2. nóvember
4	Gilwell 2. skref
4	Fálkaskátadagur
13.	Endurfundir??
25. - 26.	Aðventuhátíð Úlfjótsvatns
3. - 4.	Aðventuhátíð Úlfjótsvatns
5	Dagur sjálfbóðaliðans (Skátahöfðingi sendir kveðju)
11	Jólaendurfundir skáta??
21	Kakókvöld
9.-10.	Aðventuhátíð Úlfjótsvatns
27. - 29.	Á norðurslóð